

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 35/2012****2012/EES/43/02****frá 30. mars 2012****um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 3/2012 frá 10. febrúar 2012 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 350/2011 frá 11. apríl 2011 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1251/2008 að því er varðar kröfur varðandi setningu á markað á Kyrrahafsostrum sem senda á til aðildarríkja eða hluta þeirra sem falla undir landsráðstafanir sem varða ostruherpesveiru 1 þvar (OsHV-1 þvar) og voru samþykktar með ákvörðun 2010/221/ESB ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/358/ESB frá 17. júní 2011 um breytingu á ákvörðun 2009/719/EB um að heimila tilteknum aðildarríkjum að endurskoða árlegar vöktunaráætlanir sínar vegna kúariðu ⁽³⁾.
- 4) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði I. kafla I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 86. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1251/2008) í hluta 4.2:
„– **32011 R 0350**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 350/2011 frá 11. apríl 2011 (Stjtið. ESB L 97, 12.4.2011, bls. 9).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 41b. (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/719/EB) undir fyrirsögninni „*GERÐIR SEM EFTA-RÍKIN OG EFTIRLITSSTOFNUN EFTA SKULU TAKA TILHLÝÐILEGT TILLIT TIL*“ í hluta 7.2:
„– **32011 D 0358**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/358/ESB frá 17. júní 2011 (Stjtið. ESB L 161, 21.6.2011, bls. 29).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 350/2011 og ákvörðunar 2011/358/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 31. mars 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 161, 21.6.2012, bls. 5, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 34, 21.6.2012, bls. 5.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 97, 12.4.2011, bls. 9.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 161, 21.6.2011, bls. 29.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. mars 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

starfandi formaður.